

Hagþenkir
félag höfunda fræðiritra og kennslugagna

Gagnsæisskýrsla Hagþenkis –
skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra 2021

Árleg gagnsæisskýrsla samanstendur af ársreikningi rétthafagreiðslna og skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra Hagþenkis sem lögð er árlega fyrir aðalfund. Endurskoðun er á vegum Endurskoðunar og ráðgjafar ehf.

Hagþenkir, félag höfunda fræðirita og kennslugagna, var stofnað árið 1986 og voru stofnfélagar 42. Félagið hlaut löggildingu menntamálaráðuneytisins árið 1987. Félagsmenn voru í lok árs 2021 orðnir 720.

Félagið er fagfélag höfunda fræðirita og kennslugagna og skylds efnis. Markmið þess er að gæta faglegra og fjárhagslegra, þar á meðal kjaralegra, hagsmuna félagsmanna, sem og að gæta réttar þeirra í hvívetna, þ.m.t. að semja fyrir þeirra hönd, sem og að bæta skilyrði til samningar og útgáfu fræðirita og skylds efnis, kennslugagna, handrita að heimildamyndum og fræðilegu efni á ljósvakamiðlum.

Félagið stendur vörð um réttindi félagsmanna og annarra rétthafa fræðirita og kennslugagna og skylds efnis sem vernduð eru af höfundarétti, og annast samningagerð félagsmanna við opinbera aðila og stjórnvöld um hvers kyns höfundaréttarleg hagsmunamál félagsmanna, fagleg sem og fjárhagsleg, þar á meðal um kjör, auk þess sem það fer með umsýslu réttindagreiðslna.

Félagsmenn eru bundnir af samþykktum og gerðum samningum Hagþenkis.

Markmið félagsins og starf stjórnar

Markmið félagsins er að gæta hagsmuna og réttar félagsmanna og bæta skilyrði til samninga og útgáfu fræðirita og kennslugagna. Að markmiðinu skal meðal annars vinna með því að:

- Afla upplýsinga og veita leiðbeiningar sem félagsmönnum mega að gagni koma.
- Annast samninga fyrir félagsmenn sameiginlega og vera aðili að rétthafasamtökum sem máli skipta í því sambandi.
- Úthluta því fé sem greitt er til félagsins samkvæmt slíkum samningum í samræmi við reglur sem samþykktar eru á aðalfundi.
- Vinna að því að lög, reglugerðir og reglur sem í gildi eru á hverjum tíma þjóni sem best markmiðum félagsins, og vinna að sem viðtækastri viðurkenningu á gildi þess að starfsskilyrði höfunda fræðirita og kennslugagna séu sem best.

Stjórn Hagþenkis markar stefnu og starfsemi félagsins samkvæmt lögum þess. Hún beitir sér fyrir því að samningar og skilyrði höfunda fræðirita og kennslugagna og skylds efnis séu sem best og annast samningagerð fyrir félagsmenn sameiginlega. Stjórn fær til umsagnar ýmis frumvörp Alþingis og semur álitserðir um þau efni sem snerta hagsmuni félagsins auk ýmissa menningarmála. Stjórn afgreiðir inntökubeiðnir, þóknanir, ferða- og menntastyrki til félagsmanna og skipar í ráð og nefndir. Stjórninni berast ýmis erindi og fyrirspurnir sem snerta höfunda en ráðgjöf er allajafna á borði framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri

Stjórn er heimilt ráða framkvæmdastjóra til að sinna daglegum rekstri félagsins. Framkvæmdastjóri stýrir daglegum rekstri í samræmi við ákvarðanir stjórnar. Framkvæmdastjóri situr fundi stjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Framkvæmdastjóri undirbýr fundi stjórnar og hefur umsjón með framkvæmd þeirra ákvarðana sem stjórn tekur. Framkvæmdastjóri er prókúruhafi félagsins. Stjórn skal gera skriflegan ráðningarsamning við framkvæmdastjóra þar sem starfskjör hans eru ákveðin og verksvið hans nánar skilgreint.

Starf framkvæmdastjóra felst því í að fylgja eftir samþykktum stjórnar, undirbúa fundi, annast bréfaskriftir, félagaskrá, vefsetur og upplýsingamiðlun til félagsmanna, fjölmiðla og annarra eftir því sem við á. Framkvæmdastjóri sendir félagapóst, veitir ráðgjöf og svarar fyrirspurnum félagsmanna um höfundarétt og samninga, styrki, þóknunir, taxta og viðmið, rafrænar útgáfur og fleira. Framkvæmdastjóri sér um móttöku, umsýslu og útgreiðslu styrkja, þóknana og réttindagreiðslna, svo og um gagnabanka, meðferð fjármuna og lyklun bókhalds. Hann starfar með endurskoðanda reikninga. Framkvæmdastjóri sér um fasta viðburði félagsins, stýrir meðal annars viðurkenningarhátíðinni og er verkefnastjóri viðurkenningarráðs.

Um ábyrgð stjórnar

Stjórn félagsins annast daglegan rekstur samtakanna og hefur eftirlit með starfseminni, þar á meðal umsýslu réttindagreiðslna. Er stefnt að því að fulltrúaráðið skipi höfundar sem starfa á ólíkum vettvangi. Stjórn vinnur í þágu samtakanna í samræmi við samþykktir þessar og lög og reglur hverju sinni. Stjórn skipa fimm menn kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn. Er stefnt að því að fulltrúaráðið skipi höfundar sem starfa á ólíkum vettvangi. Formaður skal kosinn sérstaklega. Að öðru leyti skiptir stjórn með sér verkum.

Fjórir félagsmenn eru kosnir í fulltrúaráð á aðalfundi til tveggja ára í senn og skulu þeir vera varamenn í stjórn. Þeir eru kvaddir til stjórnarfunda til skiptis eftir því sem þörf krefur. Er stefnt að því að fulltrúaráðið skipi höfundar sem starfa á ólíkum vettvangi. Fulltrúaráðið tekur þátt í mótun stefnu um starf félagsins og tekur ákvarðanir um þau mál sem stjórn félagsins eða aðalfundur vísa til þess. Formaður félagsins er jafnframt formaður fulltrúaráðsins.

Félagið skal reka vefsetur. Á vefnum eru meðal annars birtar samþykktir félagsins, upplýsingar um stjórn samtakanna og gerð grein fyrir almennri úthlutunarstefnu vegna réttindagreiðslna. Auk þess eru þar þær upplýsingar aðrar sem skulu aðgengilegar á opinberum vef lögum samkvæmt.

Samningar Hagþenkis

Hagþenkir hefur gert samning við Ríkisútvarpið, og við Námsefnisstofnun / Menntamálastofnun fyrir hönd námefnishöfunda.

Hagþenkir skipar í tvær stjórnir:

- Miðstöð íslenskra bókmennta
- Starfslaunasjóð sjálfstætt starfandi fræðimanna

Hagþenkir tekur á móti greiðslum frá tveimur umsýslustofnunum sem félagið er aðili að, Fjölís og IHM

Fjölís

Hagþenkir er aðili að Fjölís ásamt sjö öðrum höfundaréttarsamtökum. Fjölís kemur fram fyrir hönd rétthafa að verkum sem njóta höfundaréttar og nýtt eru með ljósritun, skönnun, rafrænni eftirgerð eða annarri hliðstæðri eftirgerð. Fjölís gerir leyfissamninga og fer með kollektífar heimildir til innheimtu tekna. Ná þær bæði til innlendra og erlendra rétthafa. Heimildin byggist á 26. gr. höfundalaga nr. 73/1972, samþykktum fyrir Fjölís nr. 494/1985 auk reglna nr. 420/2012 eins og segir á heimasíðu Fjölís.

Í ársreikningi Rétthafagreiðslna sem birtur er á vefsetri Hagþenkis koma fram greiðslur frá Fjölís. Stjórn Hagþenkis ákvarðar hvernig þeim tekjum er varið og hefur sá háttur verið hafur á í áratugi að útteildar tekjur skiptist á þennan hátt: Starfsstyrkja til ritstarfa, ferða- og menntunarstyrkja og þóknana vegna ljósritunar og skönnunar eða annarrar rafrænnar eftirgerðar í skólum og ýmsum opinberum stofnunum. Auglýst er vor og haust eftir umsóknum í fjölmiðlum og á netmiðlum. Styrkjum og þóknunum er úthlutað til höfunda án tillits til félagsaðildar nema ferða- og menntastyrkir eru eingöngu fyrir félagsmenn. Kostnaður við viðurkenningu Hagþenkis og tilnefningu 10 rita áður er tekinn af þessum lið. Tilnefningar og viðurkenningar eru óháðar félagsaðild. Viðmið Hagþenkis hefur verið í áratugi að útteila um það bil 70% þessara tekna til höfunda í formi styrkja og þóknana og að umsýslukostnaður sé um það bil 30%. Það geta þó komið ár þar sem fjárförf félagsins er meiri vegna hagsmunabaráttu og réttindagæslu fyrir hönd höfunda fræðiritu og kennslugagna, samningagerðar, aðkeyptar sérfræðiþjónustu eða viðburða félagsins. Framkvæmdastjóri Hagþenkis sýslar með fé frá Fjölís í umboði stjórnar.

IHM

Hagþenkir á aðild að Innheimtumiðstöð rétthafa (IHM) ásamt sjö öðrum rétthafasamtökum. Aðaltilgangur IHM er móttaka og úthlutun fébóta úr ríkissjóði til rétthafa vegna eintakagerðar til einkanota. Það eru annars vegar réttindagreiðslur sem eru komnar til á grundvelli 11. greinar höfundalaga og hins vegar réttindagreiðsla vegna endurvarps og dreifingar sjónvarpsútsendinga og tengdra réttinda. Hagþenkir annast höfundaréttargreiðslur til handritshöfunda fræðslu- og heimildamynda sem berast frá IHM. Í ársreikningi Rétthafagreiðslna sem birtur er á vefsetri Hagþenkis koma fram tekjur frá IHM og ráðstöfun þeirra samkvæmt heimildum sem aðalfundur Hagþenkis hefur samþykkt. Á vefsetri Hagþenkis var sett upp rétthafagátt fyrir handritshöfunda fræðslu- og heimildamynda og dugir að skrá sig einu sinni. Hagþenkir auglýsir í fjölmiðlum og á netmiðlum og vekur athygli handritshöfunda fræðslu- og heimildamynda á Rétthafagáttinni og auglýsir eftir umsóknum í 5%-sjóðinn. Sá sjóður er fyrir rétthafa sem höfðu ekki skráð sig í Réttahafagáttina en áttu handrit að mynd í línulegri dagskrá. Greitt er út í lok árs eftir skráðum réttindum í Rétthafagáttinni, hlutdeild í handriti og mínútum. Úthlutunarstefna og reglur vegna réttahafagreiðslna voru samþykktar á aðalfundinum 2021. Þar kemur meðal annars fram að raunkostnaður við umsýslu tekna frá IHM skal greiddur af óskiptu framlagi IHM til Hagþenkis. Umsýslukostnaður Hagþenkis skal aldrei vera meiri en 25% af heildartekjum frá

IHM en allajafna skal miðað við 18% nema þegar kaupa þarf þjónustu lögmanna eða aðra sérhæfða ráðgjöf, svo sem á þessu ári þegar þurfti að fá lögmann til sérstakra starfa vegna gerðardóms. Árið 2021 voru ekki veittir handritsstyrkir eins og verið hefur í áratugi, en því verður fram haldið ef og þegar „ómerkt“ IHM-fé berst til Hagþenkis, það er að segja fé sem ekki er merkt réttihöfum. Framkvæmdastjóri sýslar með fé frá IHM í umboði stjórnar.

Skýrsla um aðgerðir á fjárhagsárinu

Aðalfundur var haldinn 29. apríl 2021 og á þeim fundi voru samþykktar lagabreytingar og úthlutunarstefna og reglur sem taka mið af lögunum um sameiginlega umsýslu höfundarréttar nr. 88/2019 sem tóku gildi 1. janúar 2020. Enn er óljóst hvort Hagþenkir er slík umsýslustofnun að lögum og því mun félagið leita eftir formlegum úrskurði viðeigandi stjórnvalda.

Stjórn kosin á aðalfundi:

- Ásdís Thoroddsen, kvikmyndagerðarmaður, formaður
- Henry Alexander Henrysson, heimspekingur, varaformaður
- Ásdís Lovísa Grétarsdóttir, framhaldsskólakennari, meðstjórnandi
- Gunnar Þór Bjarnason, sagnfræðingur, meðstjórnandi
- Snæbjörn Guðmundsson, jarðfræðingur, meðstjórnandi

Fulltrúaráð kosið á aðalfundi

Formaður Hagþenkis, Ásdís Thoroddsen, er jafnframt formaður fulltrúaráðsins sem var endurkjörið og starfa þar auk hennar:

- Halldóra Jónsdóttir
- Sólrún Harðardóttir
- Unnur Dís Skaptadóttir
- Þórunn Sigurðardóttir

Löggildur endurskoðandi

Agnar Páll Ingólfsson, endurskoðandi hjá Ráðgjöf og greiningu.

Samþykktir á aðalfundi 2021 um skiptingu útdeilda tekna

Aðalfundur ákvarðar útteilingu tekna félagsins. Tillaga formanns, Ásdísar Thoroddsen, um skiptingu útdeilda tekna var samþykkt. Samkvæmt lögum félagsins er einungis heimilt að fara 5% yfir þá heimild ef þarf.

Starfsstyrkir til ritstarfa

Auglýst var í maí eftir umsóknum um starfsstyrki til ritstarfa. 50 umsóknir bárust, sem er færri en undanfarin ár, og hlutu 28 verkefni styrk. Fjögur verkefni hlutu hæsta styrk, kr. 900.000, þrjú 800.000 kr. og fimm hlutu 700.000 kr. Samtals 18.000.000 kr.

Póknanir vegna ljósritunar og annarrar eftirgerðar höfundaréttarvarins efnis

Auglýst var í september og barst 71 umsókn. Einni umsókn var hafnað en aðrar flokkaðar í þrennt eftir áætluðu umfangi notkunar efnis frá umsækjendunum, og tók stjórn Hagþenkis við það fyrst og fremst mið af rökstuðningi umsækjanda. 13 umsækjendur hlutu 105.000 kr., 47 hlutu 70.000 kr. og 10 hlutu 35.000. Samtals 5.005.500 kr.

Ferða- og menntunarstyrkir fyrir félagsmenn

Í maí og september var auglýst eftir umsóknum. Alls bárust 5 umsóknir en einni var hafnað. Samtals voru veittar til ferða- og menntastyrkja kr. 225.000.

Rétthafagreiðslur vegna danskra tekna

Höfundaréttahafagreiðslur frá Danmörku fengu 8 höfundar, samtals kr. 441.583.

Réttahafagreiðslur vegna fræðslu- og heimildamynda

21 handritshöfundur hlaut réttahafagreiðslu, samtals kr. 4.275.000.

Skattaleg meðferð

Allar greiðslur eru skilgreindar sem fjármagnstekjur eða afleiddar tekjur nema þær sem úthlutað er sem styrkjum. Hagþenkir heldur því eftir 22% fjármagnstekjuskatti og skilar til Ríkiskattstjóra.

Stjórnarfundir og viðburðir

Stjórn Hagþenkis hélt 10 fundi á árinu. Starfsárið var með svipuðu sniði og fyrri ár nema norrænir samstarfsfundir féllu niður vegna Covid eins og árið 2020. Hagþenkir stóð fyrir þremur viðburðum í stað fjögurra; Tilnefningar vegna viðurkenningar Hagþenkis voru kynntar í Borgarbókasafninu. Viðurkenning Hagþenkis var veitt í mars í Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Boð fyrir styrkþega var haldið í júní í Borgarbókasafninu. Kynning tilnefndra bóka féll niður vegna sóttvarnareglna.

Viðurkenningarráð og tilnefningar Hagþenkis fyrir útgáfuárið 2020

Viðurkenningarráð er skipað fimm félagsmönnum, fulltrúum ólíkra fræðigreina, til tveggja ára í senn. Viðurkenningarráð fyrir útgáfuárið 2020 skipuðu Auðunn Arnórsson, Árni Einarsson, Helga Birgisdóttir, Kolbrún S. Hjaltadóttir og Lára Magnúsardóttir. Ráðið hóf störf um miðjan október og hittist ásamt framkvæmdastjóra einu sinni í viku í hádegisverði. Hinn 10. febrúar var lagður fram listi tíu tilnefndra höfunda og bóka. Listinn var kynntur og höfundum og forleggjum boðið til móttöku.

Viðurkenning Hagþenkis fyrir útgáfuárið 2020

Viðurkenning Hagþenkis var veitt 10. mars í Ljósmyndasafni Reykjavíkur við hátíðlega athöfn og hlaut hana Pétur Ármannsson fyrir ritið *Guðjón Samúelsson, húsameistari*. Útgefandi er Hið íslenska bókmenntafélag. Í ályktarorðum viðurkenningarráðsins sagði um ritið:

Vandað og ítarlegt yfirlitsrit um ævi og verk Guðjóns Samúelssonar. Verðugur minnisvarði um manninn sem mótaði byggingarlist og skipulagsmál hins nýsjálfstæða Íslands.

Viðurkenninguna veitti formaður Hagþenkis, Snæbjörn Guðmundsson, og fólst hún í árituðu heiðurs skjali og 1.250.000 kr. Rökstuðning Viðurkenningarráðsins flutti Auðunn Arnórsson og tónlist flutti Melkorka Ólafsdóttir. Sýningarkassi tengdur verkinu var settur upp í Þjóðarbókhöfðunni í samstarfi við Ólaf Engilbertsson og undirritað heiðurs skjál var hengt upp. Fjölmiðlun gekk vel.

Sérstök verkefni

Enginn fræðslufundur var haldinn á árinu vegna Covid en hins vegar hófst undirbúningur að málþingi um höfundarétt í samstarfi við RSÍ. Því var frestað til hausts 2022 vegna Covid. Henry Alexander Henrysson heldur utan um verkefnið með framkvæmdastjóra Hagþenkis.

Vefur Hagþenkis var endurnýjaður frá grunni árið 2021, sem og umsóknarkerfin, og sett upp í fyrsta sinn réttindagátt fyrir höfunda fræðslu- og heimildamynda og skylds efnis. Að því verkefni unnu Friðbjörg framkvæmdastjóri og Lárus Óskarsson hjá fyrirtækinu Íslandsvefir, sem hýsir nýja vefsetrið.

Samningaviðræður við Menntamálastofnun

Samningalota við Menntamálastofnun hófst í upphafi árs 2019 og standa samningaviðræður enn yfir. Formaður samninganefndar er Kolbrún S. Hjaltadóttir og með henni starfa þær Erna Jessen og Ásdís Lovísa Grétarsdóttir, stjórnarmaður. Nokkrir fundir voru á árinu en lítill árangur náðist fyrir utan að tímakaupið var uppfært. Í lok árs setti nefndin fram samningaramma og tillögur að samningalotum sem Menntamálastofnun samþykkti. Stjórn Hagþenkis samþykkti í lok árs að samninganefnd Hagþenkis nyti ráðgjafar lögmanns sem einnig sæti alla samningafundi, rétt eins og lögmaður Menntamálastofnunar.

Menningarstyrkur frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu

Hagþenkir fékk í fyrsta sinn menningarstyrk frá ráðuneytinu að upphæð 3.000.000 kr., af safnlið á sviði lista og menningararfs. Styrknum er ætlað að skerpa á stöðu félagsins gagnvart höfundalögum og til að aðstoða félagið við að standa straum af kostnaði félagsins vegna samningaviðræða við Menntamálastofnun.




Ásdís Thoroddsen formaður




Ásdís Lovísa Grétarsdóttir



Henry A. Henrysson, varformaður



Gunnar Þór Bjarnason, ritari



Snæbjörn Guðmundsson

Friðbjörg Ingimarsdóttir framkv.

